

20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.

Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu og hálftrúnaðarráð kosið til tveggja ára, viðhafa skal listakosningu til trúnaðarráðs. Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Viðhafa skal rafræna kosningu meðal allra félagsmanna og skal kosning standa yfir í tvær vikur. Kynningarsíða fyrir frambjóðendum skal vera til staðar á heimasíðu VR.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur og rennur út eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjörfund. Kjörfundur er kynningarfundur á frambjóðendum. Ekki er kosið á fundinum. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu. Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í stjórn. Skrifleg meðmæli 5 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í trúnaðarráði. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Fimm manna uppstillinganefnd, skipuð formanni og fjórum kosnum af trúnaðarráði og tveimur til vara, annast undirbúning kjörfundar. Formaður félagsins skal kalla nefndina saman í fyrsta sinn eftir að hún hefur verið kosin og skiptir hún með sér verkum á fyrsta fundi. Nefndin skal fara yfir framboðin til að kanna lögmæti þeirra og meðmælenda. Nefndin skal gefa sólarhringsfrest ef lagfæra þarf framboðin. Uppstillinganefnd stillir upp 40 manna lista við kosningu trúnaðarráðs. Er hann sjálfkjörinn ef ekki kemur fram annar löglegur listi áður en framboðsfrestur rennur út. Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn úrskurðar um hvort einstaklingsframboð séu rétt fram borin og sér um framkvæmd kosninga.

Atkvæðaseðill og kosningar:

Stjórn:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrósröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fengu samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Atkvæðaseðill og kosningar:

Trúnaðarráð:

Á kjörseðli eru trúnaðarráði raðað upp í starfrófsröð, tveir listar, annar kosinn til tveggja ára en hinn til eins árs. Séu fleiri listar þarf að merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig og kosið er á sama hátt til stjórnar.

Til bráðabirgða við kosningar 2011: Skipta skal lista til trúnaðarráðs í tvo hluta, þ.e. 40 og 40 og kosið um báða, annan til 2ja ára og hinn til eins árs. Auk þess skal einn fulltrúi frá deild VR í Vestmannaeyjum eiga sæti í trúnaðarráði og einn frá deild VR á Egilsstöðum. Samtals er því kosið um 82.

Ray Bjartur 30/11/11
Rannveig Berg